



A 1724/vækst

Flytjandi Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Þingmannatillaga um sameiginlegar norrænar aðgerðir gegn félagslegum undirboðum og lögbrotum á vinnumarkaði innan ESB

Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún efni til málpings eða hringborðsumræðna með aðilum vinnumarkaðarins og norrænum stjórnvöldum, með hliðsjón af skýrslu Cevea, um sameiginlegar norrænar aðgerðir gegn félagslegum undirboðum;

að hún vinni að því að norræn stjórnvöld sameinist um norræna stefnu í aðgerðum gegn félagslegum undirboðum innan ESB, ekki hvað síst í samningaviðræðum um deiliahagkerfi og endurskoðun á tilskipuninni um störf útsendra starfsmanna.

Aðdragandi

Félagsleg undirboð eru vandamál sem ögrar norrænni umgjörð kjarasamninga á vinnumarkaði. Norðurlöndin skera sig verulega frá aðildarríkjum ESB með skipulagi sínu á vinnumarkaði, en finna fyrir þrýstingi frá meðal annars löggjöf ESB.

Flokkahópur jafnaðarmanna í Norðurlandaráði hefur síðastliðin mörg ár haft aðgerðir gegn félagslegum undirboðum ofarlega á dagskrá. Hópurinn hefur ítrekað bent á að fyrirbærið ógni norræna vinnumarkaðslíkaninu ef við tökum baráttuna ekki alvarlega og bregðumst við strax.

Norrænar aðgerðir gegn félagslegum undirboðum

Það er ekki til nein einhlít skilgreining á hugtakinu félagsleg undirboð, en í þessu tilviki er það túlkað sem lakari launa- og starfskjör ásamt svartri vinnu og skipulögðum lögbrotum á vinnumarkaði.

Í janúar 2017 birti Samstarfsnefnd norrænna jafnaðarmannaflokka og alþýðusambanda – SAMAK, skýrslu frá dönsku hugveitunni Cevea um „Norrænar



aðgerðir gegn félagslegum undirboðum¹. Í skýrslunni er fjallað ítarlega um fyrirbærið, útbreiðslu þess og þær aðgerðir sem á síðastliðnum árum hefur verið hrint í framkvæmd gegn félagslegum undirboðum á Norðurlöndum. Markmiðið með skýrslunni er að veita fróðleik og þekkingu um komandi aðgerðir gegn félagslegum undirboðum.

Samkvæmt skýrslunni eru félagsleg undirboð sérlega útbreidd í ákveðnum starfsgreinum, ekki hvað síst í byggingariðnaði, flugrekstri, vöruflutningum, veitingaþjónustu, ræstingarþjónustu og tölvugreinum. Samkvæmt skýrslunni kemur líka fram að félagsleg undirboð „... ögri þeim fyrirtækjum, sem fylgja landslögum og greiða starfsmönnum sínum sómasamleg laun, þar sem þau eru undir þrýstingi frá „óvönduðum“ fyrirtækjum, sem leita að lægsta samnefnara varðandi reglur til að lágmarka launaútgjöld og sómasamleg starfskjör að öðru leyti. Fyrir starfsmenn fyrirtækjanna þýðir þetta að þeir eiga á hættu að laun þeirra og starfskjör rýrni, þar sem fyrirtækið sem þeir eru ráðnir í er undir þrýstingi frá „óvönduðum“ keppinautum“.

Poul Nielson bendir á í skýrslu sinni *Atvinnulíf á Norðurlöndum*², að ef varðveita eigi grundvallarlögmál norræna líkansins, verði að berjast gegn félagslegum undirboðum yfir landamæri og ekki hvað síst innan ESB.

Líkt og Poul Nielson segir Cevea í skýrslu sinni að aðgerðir gegn félagslegum undirboðum á Norðurlöndum fari ekki hvað síst fram með virkari norrænni stefnu innan ESB. Skýrslan bendir meðal annars á tvö mikilvæg málefni sem Norðurlöndin geta haft áhrif á núna með sameiginlegri norrænni stefnu, og sem mun hafa mikil áhrif á það sem gerist í framtíðinni í aðgerðum gegn félagslegum undirboðum á Norðurlöndum; reglugerðum um „deiliahagkerfið“ og endurskoðun á tilskipuninni um störf útsendra starfsmanna.

¹ Skýrslan í heild: <http://samak.info/wp-content/uploads/2017/01/Nordiske-tiltag-mod-Social-Dumping-Cevea-januar-2017.pdf>

² Skýrslan í heild: <http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:934703/FULLTEXT01.pdf>



Stokkhólmi, 3. apríl 2017

Annette Lind (S)
Emilia Töyrä (S)
Erkki Tuomioja (sd)
Eva Soidsson (S)
Henrik Dam Kristensen (S)
Irene Johansen (A)
Jorodd Asphjell (A)
Karen J. Klint (S)
Kjell-Idar Juvik (A)
Lars Mejern Larsson (S)

Lennart Axelsson (S)
Maarit Feldt-Ranta (sd)
Oddný Harðardóttir (A)
Phia Andersson (S)
Pyry Niemi (S)
Rikard Larsson (S)
Ruth Mari Grung (A)
Sonja Mandt (A)
Suzanne Svensson (S)
Tony Wikström (ÅSD)